



Borgarráð

Álagningarhlutfall fasteignaskatta og lóðarleigu árið 2016

Lagt er til að álagningarhlutfall fasteignaskatta og lóðarleigu vegna ársins 2016 verði sem hér segir:

1. Hlutfall fasteignaskatts skv. a-lið 3.mgr. 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum, verði 0,2%.
2. Hlutfall fasteignaskatts skv. b-lið 3.mgr. 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði 1,32%.
3. Hlutfall fasteignaskatts skv. c-lið 3.mgr. 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum verði 1,32%, að viðbætti hækkun um 25%, sbr. heimild í 4. mgr. sömu greinar (1,65%).
4. Hlutfall lóðarleigu fyrir íbúðarhúsalóðir verði 0,2% af fasteignamatsverði.
5. Hlutfall leigu fyrir verslunarlóðir, iðnaðarlóðir og lóðir fyrir opinberar byggingar verði 1,0% af fasteignamatsverði.

Greinargerð:

Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatta íbúðarhúsnæðis verði óbreytt, eða 0,2%, og að álagningarhlutfall lóðarleigu vegna íbúðarhúsnæðis verði óbreytt, eða 0,2%. Þessi álagningarhlutföll eru áfram með því allra lægsta sem gerist á landinu. Þá er gert ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatta af opinberu húsnæði verði óbreytt, eða 1,32%, og að álagningarhlutfall fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði verði óbreytt, eða 1,32%, en við það bætist 25% álag þannig að það verður áfram 1,65%. Að lokum er gert ráð fyrir að lóðarleiga af opinberu húsnæði og atvinnuhúsnæði verði óbreytt, eða 1%.

Dagur B. Eggertsson